

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2024-2025

Haldin var stofnfundur píludeildar Skallagríms 2 apríl 2024 eftir að sumir stjórnar menn voru búnir að vera með þessa hugmynd í hausnum í smá tíma og voru aðeins byrjaðir að tala sín á milli. Svo var það Örvar sem ýtti boltanum af stað með því að leigja litla salin og hvertja menn til þess að stofna þessa deild.

Eftir stofnfundinn þá var byrjað að græja salinn og voru meðlimir stjórnar ásamt Örvari og aðstoð frá góðum mönnum í nærumhverfinu sem græjuðu salinn og gerðu hann að því sem hann er í dag.

Stofnfundurinn var magnaður, tilvonandi stjórn PDS bjóst kannski við að það mundu mæta 10-15 manns en það mættu í kringum 40 og stofnfélagar deildarinnar voru í kringum 60 manns og var það mjög gott bensín til að starta þessu. Fimm manna stjórn var skipuð fyrsta árið Gunnar Bragi, Valdi, Þórir, Bjarni Tryggva og Orri sveinn.

Gunnar Bragi Formaður
Þorvaldur Ásberg varaformaður/ritari
Bjarni Tryggvar Gjaldkeri
Þórir Indriða meðstjórnandi
Orri sveinn meðstjórnandi.

Fyrsta formlega æfing PDS var 11 júní 2024 og var mæting góð.

Æfingar eru búnar að vera á þriðjudögum síðan þá, og svo bættust við fleirri dagar þegar haustið byrjaði.

Fyrsta formlega verk PDS var að halda utan um pílu sem var á landsmóti unglunga hér um verslunnarmanna helgina. Höldum við að það hafi verið í kringum 200-300 krakkar sem komu og köstuðu hjá okkur og þetta var langur og strangur dagur. Viljum við þakka alla þá hjálp sem við fengum til að þetta gengi upp. Ingibjörg hjá Kastið.is kom og hjálpaði okkur að stað og svo hann Eiríkur sem sá um allt pappírs hald til að þetta gegni sem best.

Æfingar byrjuðu svo á Fullum þunga í endan á Ágúst og höfum við verið duglegir að halda æfingar, Æfingamót , mót og mótaraðir. Okkar helsta afrek við sem getum verið stoltir af og á hann Þórir Indriða lof skilið er unglunga starfið hjá okkur. Það eru í kringum 10-12 krakkar sem hafa verið að mæta á æfingar, og ætlum við að fara í meiri kynningu með pílusportið inn í skólana með haustinu. Það hafa krakkar farið á pílumót frá okkur sem heitir Dart ung og eru þau mót ætluð unglungum. Krakkarnir hjá okkur hafa farið á æfingar dag sem var haldin niðra Akranesi í samstarfi við Pílufélag Akranes og heppnaðist það ansi vel og er ætlunin að halda því samstarfi áfram.

Svo má ekki gleyma að nefna Liðamótið sem við byrjuðum eftir áramót með.

Mótin sem við höfum haldið eru
KB móta röðin
Jólamót
Nýársmót
Tvímennings móta röð sem er enn í gangi
Grillhúsmótið sem er okkar liðamót sem er líka enn í gangi.
Og eru fleirri mót í pípunum.

Meðlimir PDS eru búnir að vera duglegir að fara á mót hjá ÍPS, Florídana deildina ásamt öðrum mótum td á Akranesi hjá PFA.

Frá fyrsta degi hefur píludeildin notið mikills meðbyrs í samfélaginu og hefur fjöldi einstaklinga og fyrirtækja styrkt deildina með einum eða öðrum hætti og vill stjórn þakka þessu fólki og fyrirtækjum innilega fyrir stuðninginn.

Takk fyrir.
f.h Píludeildar Skallagríms
Þorvaldur Ásberg Kristbergsson